

Íbúasamráð um sameiningu 23. janúar 2025

Niðurstöður íbúasamráðs um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór í Hjálmakletti í Borgarnesi 23. Janúar 2025. Fundargestum var skipt í hópa og spurðir fjögurra spurninga:

1. Hvaða tækifæri felast í sameiningu?
2. Hverjar eru áskoranirnar við sameiningu?
3. Hvað væri hægt að gera til að mæta áskorunum?
4. Hvað viljum við alls ekki missa?

Svörum var safnað rafrænt. Í lok fundar voru fundargestir spurðir hvað þeim fyndist vera það mikilvægasta sem kom fram í umræðunum og gefinn kostur á að svara á netinu.

Hér á eftir fara svör þátttakenda, flokkuð eftir efnispáttum. Innsláttarvillur hafa ekki verið leiðréttar.

Spurning : Hvaða tækifæri felast í sameiningu?

Stjórnsýsla

- Minna flækjustig bæði þjónust og stjórnsýslu
- Auðveldari stjórnsýsla
- Skipulags og byggingamál í Skorradal yrði betri
- sterkari stjórnsýsla fólk sem hefur áhuga í nefndum
- Stjórnsýslan verður Á einfaldari og hagkvæmari
- Verður skilvirkari stjórnsýsla í skipulagsmálum? Byggingarmálum? Hvernig er hún núna í hvoru svf. fyrir sig?
- Öflugri stjórnsýsla

Þjónusta

- augin þjónusta við skorrdælinga
- Borgarbyggð er með öruggan snjómokstur eftir að Borgarbyggð bauð út snjómokstur fyrir 2 árum og samdi við verktaka
- Borgbyggðungar gætu fengið betri snjómokstur
- Jöfnuður við íbúa og þá sérstaklega börn og aldraða.
- Það verð örugglega hægt að ganga frá því vísa að börn fai skólagöngu úr Skorrðal
- Sameiningarferlið
- Felast betri tækifæri að fara í sameiningu sjálfviljug frekar en þvinguð.

Áhrif

- að hafa áhrif á þau málefni sem maður brennur fyrir t.d skólamál
- Að íbúar í Skorrðal sem hafa fasta búsetu fái að kjósa um sameiningu
- Aukið lýðræði fyrir íbúa skorrðalshrepp
- Hafa áhrif á þjónustuna sem verið er að kaupa
- Við sameiningu fá íbúar Skorrðalshrepps meiri áhrif á þjónustu sem þau eru með aðgang að.
- Samskipti/viðhorf
- Kannski einelti yrði minna?

Hagræðing

- Hagræði á öllum sviðum
- Hagrænn ávinningur við aðfangakaup
- Lækkun kostnaðar við stjórnsýslu.
- Mikið tækifæri í hagræðingu fyrir lítið sveitarfélag
- Væri hægt að nýta fjármuni betur í stærra sveitarfélagi

Bolmagn

- meiri slagkraftur hjá stærra sveitafélagi
- Stærra sveitarfélag hefur aukin slagkraft
- tækifæri í aukinni byggðarþróun

Íbúar

- Yrðu íbúar sem hafa viðveru í fleiri sveitarfélögum sendir Þjóðskrá til "skoðunar"?

Samskipti/viðhorf

- Kannski einelti yrði minna?

Spurning: Hverjar eru áskoranirnar við sameiningu?

Áhrif

- Að gefa frá sér dýrmætt vald, er mikil áskorun
- Að íbúar Skorradalshrepps mussa völd varðandi skipulagsmál m.a í umdeildum málum sem hafa mikil áhrif á umhverfið eins og vindorkugarðar
- Að íbúar finni sig ekki jaðsrsetta í "úthverfinu "
- Boðleiðir gætu orðið lengri fyrir íbúa skorradalshrepp
- Boðleiðir munu styttest fyrir skorradal þar sem um rafrænastjórnsýslu er að ræða í Borgarbyggð sem er í lögum
- Líkur á að íbúar Skorradalshrepps ættu erfiðara með að koma sínum skoðunum á framfæri og þeirra hagsmunamál ættu erfiðara uppdráttar
- Skorrðælingar gætu síður haft áhrif í mikilvægum málum svo sem skipulagsmálum
- Sveitarstjórar-vald er mikilvægt og vont að missa

Þjónusta

- Að tryggja áfram góðan snjómokstur í Skorradal. Hreppurinn hefur staðið sig svo vel í því
- Að viðhalda góðu þjónustustigi í snjómokstri
- Ef mjög fatlaður einstaklingur mynda flytja í skorradalshrepp gæti sveitarfélagið ekki veitt viðeigandi þjónustu sem einstaklingurinn á rétt á. Það hefði ekki efni á því.
- Hætt við að viss þjónusta í Skorradal myndi versna frekar en batna til dæmis snjómokstur í framdálum
- Sk.hreppur hefur víst efni á að þjónusta fatlaða..
- Þjónusta versni

Stjórnsýsla

- Íbúar í skorradal geta setið við tölvuna til að sinna sínum erindum rafrænt
- Sameina reglur og áherslur sveitarfélagana
- Sameina stjórnsýslu í skipulags og byggingarmálum.

- Samkeyrsla skipulagsmála
- Það er áskorin fyrir Skorradalshrepp að uppfylla allar þær skyldur stjórnsýslunnar sem þeim ber að gera eins og t.d skjölun og rafrænskil.

Samskipti/viðhorf

- Að kljást við erfitt fólk
- Neikvæðni
- Tryggja einingu íbúa svo samfélagið klfni ekki

Skattheimta

- Að lækka útsvarið í sameinuðu...
- Aukinn kostnaður með hækkuðu útsvari
- Hækkað útsvar er stór -

Fjárhagur

- Halli á rekstri Borgarbyggðar en góð rekstrarniðurstaða hjá Skorradalshreppi
- Verri rekstrarstaða í Borgarbyggð

Sameiningarferlið

- Ferillinn við ákvarðanatöku um að fara í sameiningarviðræður var ekki lýðræðislegur, því búið var að krefjast íbúakosningar fyrirfram.

Íbúar

- Að sveitarfélagið verði ein heild og að jöfnuður ríki meðal allra íbúa í sveitarfélaginu bæði í dreifibýli og þéttbýli.

Hagsmunir

- Missmunandi hagsmunir

Spurning: Hvað væri hægt að gera til að mæta áskorunum?

Sameiningarferlið

- Að íbúar sem búa í dalnum fái að kjosa
- aðgengileg gögn, gegnsæi svo allir geti tekið upplýsta ákvörðun
- Ekki sameinast
- Íbúar hafa alltaf lokasvarið um hvort að sameiningum verði samþykkt
- Íbúar sem búa í Skorrðal kjósa bara um sameiningu
- Íbúar sem hafa fasta búsetu á lögbýlum í Skorrðal eiga að hafa kosningarétt um sameiningu ekki aðrir
- Reglulegar hopeflis æfingar séu stundaðar
- Sameinast

Samskipti/viðhorf

- Að fagna íbúum sem flakka víða, og siga ekki þjóðskrá á þá
- Að upplýsa þá sem vilja ekki að afla sér upplýsinga
- Elska náungann 😊

- Fá ábendingar frá íbúum
- gott upplýsingarflæði
- Hafa áhuga á samfélagsmálum og taka virkan þátt
- Tala saman!

Þjónusta

- Gera samkomulag fyrirfram um hluti sem eru Skorrdælingum mikilvægir dæmi snjómoksturinn
- Halda áfram þjónustusamningum
- Ráðum Hálstak til næstu 50 ára til snjómoksturs í Skorradal 😊
- Snjómokstur er ekki að fara neitt
- Þurfum að passa blessaða snjómoksturinn samt bara svona ef það hefur ekki komið fram 😊

Stjórnsýsla

- Hafa íbúakannanir
- Hafa íbúasamráð

Íbúar

- Bjóða sumarhúsa eigendur velkomna að stjórnborði sveitarfélagsins
- Leyfa skráningar í fríst.byggðir

Hagsmunir

- Fá heimastjórn í Skorradal
- Sameinast og vinna að því að gera þetta öflugara og flott stærra sveitarfélag

Áhrif

- Tryggja aðkomu fulltrúa frá mismunandi svæðum inn í ákvarðanatöku til dæmis heimastjórn

Annað

- Hafa ísbúð huppu við landamörk

Spurning : Hvað viljum við alls ekki missa?

Þjónusta

- Að Hálstak sjái um snjómoksturinn í Skorradal
- Gámasvæði
- góða sorpþjónustu og gámasvæðið
- Góða þjónustan við snjómoksturinn í Skorradal, mokað heim að dyrum, meira að segja hjá sumarbústöðum
- Refaveiðar í skorrdal
- Skipulagsfulltrúa Sk hrepps
- vil ekki missa þjónustuna í Borgarbyggð

Áhrif

- Að geta haft áhrif
- Að geta haft áhrif á það sem er mikilvægt fyrir nærsamfélagið
- Nálægðarkraftinn

- Sveitarstjórnarvaldið
- Umsagnarvald í mikilvægum málum
- Þekkinguna á málefnum í nærsamfélaginu. Hun minnkar í stórum hreppum

Samskipti/viðhorf

- Hrepparýginn
- Húmorinn og gleðina
- Jákvæðnina
- Vitið
- Þorablót í brún

Íbúar

- Góða nágranna
- Vinina

Fundurinn

- "Ég ræði það við mína sál
þegar fer að vora
Að Sameinast öðrum ekkert mál
Það er bara að þora "

Spurning: Hvað finnst þér vera það mikilvægasta sem kom fram í umræðunum?

Þjónusta

- Að Hálstak sjái um snjómokstur í sameinuðu sveitarfélagi
- Að sameining er löngu tímabær og að Skorradalshreppur er langt frá því að geta sinnt lögbundnum verkefnum. Börn eiga rétt á því að vera hluti að stærra sveitarfélagi og ekki upplifa sig útundan eins og hefur verið í öll þessi ár.
- Sameining er það eina rétta !

Sameiningarferlið

- Hvað sumir eru ekki búnir að kynna sér málin um sameiningu, t.d. hvað er lögbundin þjónusta sveitarfélaga og hvað sumarhúsafélög sjá um

Samskipti/viðhorf

- Jákvæðar umræður

Fundurinn

- Góð kynning

Annað

- "Engum hefur aldrei þótt alltaf þurft að gera í Skorradalinn getum sótt sitthvað sem þarf að vera"